

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1558*  
*komu Erindi nr. P 1. 2007*

**From:** Signý Sigurðardóttir [mailto:signy@svth.is]  
**Sent:** 12. mars 2007 09:32  
**To:** Guðmundur Hallvarðsson  
**Cc:** Margrét María Grétarsdóttir  
**Subject:** Beiðni um áheyrn samgöngunefndar

Sæll Guðmundur,

Forgangsróðun framkvæmda í samgöngumálum næstu ára og fjárhæðir sem til þeirra renna er eitt langstærsta hagsmunamál vöruflutningagreinarinnar. Það er löngu ljóst að íslenskir vegir eins og þeir eru ekki til þess gerðir að þola þá umferð sem á þeim er. Síendurteknar þungatakmarkanir á tilteknum vegaköflum valda atvinnugreininni og þá ekki síður fyrirtækjum í dreifðum byggðum landsins ómældum vandræðum og kostnaði. Til að taka dæmi þá voru þungatakmarkanir á veginum til Ísafjarðar í 77 daga á síðasta ári. Eins og SVÞ bentu á fyrr á þessu ári þá er þörf á stóratáki í málaflökknum. Það er brýnt að tryggja að í samgöngur á landi fari umtalsvert aukið fjármagn árlega í nánustu framtíð einfaldlega til að koma öllum helstu svæðum landsins í raunverulegt ásættanlegt vegasamband.

Í ljósi mikilvægi málsins hittust hagsmunaaðilar í greininni á föstudaginn var til að búa til sína eigin samgönguáætlun. Í framhaldi af því förum við þess á leit við samgöngunefnd að hún veiti okkur áheyrn þegar umræður um 4ra ára samgönguáætlun verður tekin fyrir. Við viljum tryggja að áherslur okkar fái áheyrn samgöngunefndar þegar málið verður tekið fyrir. Það er ljóst að áherslur vöruflutningagreinarinnar fara saman við hagsmuni atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins og kannski ekki síður við þarfir hins almennings út um allt land. Það dylst engum sem leið á um íslenska vegi nú um stundir að málið er brýnt.

Með von um áheyrn,  
Bestu kveðjur,  
Signý Sig.

Forstöðumaður flutningasviðs  
SVÞ - Samtaka verslunar og þjónustu